



7C

Stuðningur við tal og tjáskipti

Upplýsingar fyrir fólk sem er með eða verður fyrir áhrifum af MND

MND getur veikt vöðva sem stjórna tali, til dæmis í tungu, vörum, raddböndum og brjósti. Þá getur röddin orðið lág, drafandi og óskýr.

Í þessu upplýsingablaði er lýst aðferðum til að bæta talið eins lengi og auðið er, aðrar aðferðir til tjáskipta og hvernig nálgast eigi frekari stuðning.

Upplýsingunum er skipt í eftirtalda kafla:

- 1: Hvernig hefur MND áhrif á getu mína til að tala og tjá mig?
- 2: Hvernig get ég notað mína eigin rödd eins lengi og mögulegt er?
- 3: Getur eitthvað fleira komið að gagni?
- 4: Hvernig fæ ég hjálparbúnað til tjáskipta?
- 5: Radvistun og skilaboðavistun?
- 6: Hvernig afla ég mér meiri þekkingar?



Þetta tákn er notað til að undirstrika **annað útgefið efni okkar**. Kynntu þér *Nánari upplýsingar* í lok ritsins til að fá upplýsingar um hvernig eigi að nálgast merkið.



Þetta tákn er notað til að undirstrika **tilvitnanir** í aðra sem eru með MND eða verða fyrir áhrifum af sjúkdómnum.